

Forvarnarstefna Borgarbyggðar

Í málefnum barna, unglunga og ungmenna

Forvarnarstefna Borgarbyggðar leggur áherslu á fjölskylduna, skólann, skipulagt félagsstarf og heilsueflandi samfélag. Forvarnarstefnan leggur einnig áherslu á jöfn tækifæri barna og á vellíðanbarna, að þeim líði vel og sjálfmynd þeirra sé sterk.

Markmið með forvarnarstefnu

Lykilaðilar í forvörnum í Borgarbyggð svo sem stofnanir og félagasamtök sem eiga samstarfssamning við sveitarfélagið skulu skilgreina hlutverk sitt á þessu sviði og setja sér stefnu í forvörnum sem er í samræmi við forvarnarstefnu Borgarbyggðar. Þar þarf að koma fram meðal annars hvernig framkvæmd áætlunarinnar sé háttað og þá þurfa meginmarkmið Borgarbyggðar einnig að nást.

Þau eru:

- * Að auka markvisst forvarnarstarf og samstarf þeirra aðila sem hafa með málefni barna að gera.
- * Styðja við starfsemi félagasamtaka sem sinna fjölskyldu-, barna og unglingsstarfsemi.
- * Að forvarnir verði skipulagður þáttur í starfi félaga og stofnanna sem koma að málefnum bara og unglunga í sveitarfélaginu.
- * Auka öryggi og stuðla að jákvæðu, heilbrigðu og uppbyggjandi samfélagi.
- * Draga úr og koma í veg fyrir notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna. Rannsóknir benda til að seinkun á neyslu þessara vímuefna dregur úr líkum á misnotkun áfengis í framtíðinni sem og annarri neyslu á ólöglegum fíkniefnum.

Markmið/ leiðarljós

- * Vinna að því að styrkja og efla sjálfsmýnd barna og sjálfstæði?
- * Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínut.d. með námskeiðum, fundum og fræðsluefni sem og samráði og samvinnu þeirra í milli. Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum.
- * Að efla uppeldis- og forvarnarhlutverk íþróttafélaga og annarra félaga sem starfa með börnum og unglungum.
- * Að þátttaka, ábyrgð og virkni séu lykilorð í starfi félagsmiðstöðva ungs fólks. Þar skal unnið að viðfangsefnum sem styrkja sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu. Félagsmiðstöðvar skulu sérstaklega reyna að ná til þeirra sem ekki stunda annað skipulagt tómstundastarf og þeirra sem tilheyra jaðarhópum.
- * Að stuðla að fræðslu um forvarnir og lýðheilsu sem víðast í sveitarfélaginu, svo sem í skólum og á vinnustöðum.

- * Að foreldrafélög geti tekið markvissan þátt í vinnu að forvörnum, s.s. með fræðslufundum, samstarfsfundum og foreldrarölti.
- * Að forvarnarstarf með lögreglu sé gott og unnið sé með samstarfsaðilum að átaki vegna útivistartíma, eftirlitslausra unglingsamkvæma útihátíða og fleiri árstíðabundinna uppákoma.
- * Að gerðar séu rannsóknir og kannanir sem nýtast til stefnumótunar og til að meta hvernig hefur til tekist í forvarnarstarfinu.

Framkvæmd

Starfsmaður fjölskyldusviðs sem fer með forvarnarmálin í sveitarfélaginu mun hafa yfirumsjón og eftirlit með framkvæmd forvarnarstefnunnar. Haldnir verða reglubundnir samstarfsfundir þar sem þeir sem vinna að forvarnar-, lýðheilsu- og uppeldismálum miðla upplýsingum og undirbúa samstarfsverkefni.

Félög sem sinna íþróttá-, menningar- og æskulýðsmálum og njóta styrkja frá sveitarfélaginu geri forvarnaráætlanir og sinni forvörnum með markvissum hætti.

Allar samkomur og skemmtanir sem börn og unglingar hafa aðgang að skulu vera vímuefnalausar. Þær eiga að vera á forsendum barna og unglinga og í forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum og unglingum í húsnæði við hæfi.

- Kynfræðsla verður í boði annað hvort ár fyrir 9. og 10. bekk.
- Forvarnarbolir – ár hvert eru börn á unglingsstigi grunnskólanna í Borgarfirði beðin um að vinna með þema og vinna út frá þeim slagorð sem prentað er á boli og þeim gefið.
- Styðja við virkni og ábyrgð barna meðal annars með því að styrkja jólaútlit Óðals.
- Vera með fræðslu fyrir börn og foreldra að minnsta kosti einu sinni á önn.
- Vekja athygli á útivistartíma barna.

Lykilaðilar í forvörnum

Skólar sveitarfélagsins, félagsmistöðvar, foreldrafélög, félagsþjónusta, heilsugæsla, íþróttafélög, lögreglan, trúfélög, félagasamtök, ungmennasambandið og nemendafélög.

Stefnan skal endurskoðuð árlega.